

Aðalfundur FÍN

Borgartúni 6, Reykjavík, 30. mars 2023, kl. 17:30

Staðfundur og fjarfundur í gegnum Teams-fjarfundarbúnað

Fundargerð:

Marianna H. Helgadóttir (MHH), formaður FÍN setti fund kl. 17:32.

Gerð var tillaga um að Runólfur Vigfússon tæki að sér fundarstjórn og að Stella Hrönn Jóhannsdóttir tæki að sér að rita fundargerð. Samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri tók til starfa og staðfesti réttmæti fundarins.

Gengið var til dagskrár:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.

Formaður FÍN stiklaði á stóru um viðfangsefni félagsins síðast liðið ár. Skýrsla stjórnar var send félagsmönnum með tölvupósti þann 29. mars. sl. Skýrsla stjórnar er í fylgiskjali með fundargerð.

MHH upplýsti um að til standi að selja húsnæðið í Borgartúni og hafin er leit að hentugu húsnæði fyrir aðildarfélög BHM.

MHH þakkaði stjórnar- og nefndarmönnum fyrir störf sín sem og starfsmönnum á skrifstofu FÍN.

Mælendaskrá opnuð.

Spurt var af hverju verið er að skipta um húsnæði.

Formaður FÍN upplýsti að húsnæðið væri orðið of lítið og mörg félög vanti aðstöðu. Þá hefur mygla fundist í húsnæðinu og þrátt fyrir úrbætur eru enn starfsmenn félaganna sem ekki geta mætt til vinnu í húsið.

Fundarmaður vildi koma á framfæri skoðun sinni að ráðstefna HÍN og FÍN hafi ekki verið vel heppnuð. Þar hafi einn hópur náttúrufræðinga lagt annan hóp náttúrufræðinga í einelti og pallborðsumræður ekki farið vel fram, t.a.m. þar sem fyrirspurnum hafi ekki verið svarað.

Formaður FÍN tók undir að hluti umræðna hafi verið óheppilegar og bauð Skógræktinni að hafa samband við skrifstofu FÍN til að finna flöt á mögulegri samvinnu um málþing um málefni Skógræktarinnar, því FÍN vilji gera öllum náttúrufræðingum jafn hátt undir höfði.

2. Lagðir eru fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og kjaradeilusjóðs.

a) Berglind Ósk Alfreðsdóttir, gjaldkeri FÍN, fór yfir endurskoðaðan ársreikning FÍN.

Greidd félagsgjöld voru rúmar 136 milljónir árið 2022. Rekstrarhagnaður FÍN var rúmar 15 milljónir króna. Tap varð af verðbréfum félagssjóðs uppá tæpar 8 milljónir og sömuleiðis var tap af

verðbréfum samningssjóðs uppá rúmar 2,5 milljónir. Eigið fé félagsins var í lok árs samtals rúmar 223 milljónir.

b) BÓA fór yfir endurskoðaðan ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN.

Ekki hefur verið greitt í Kjaradeilusjóð FÍN í fjölda ára og er því aðeins um ávöxtun fjármuna sjóðsins að ræða. Tap sjóðsins var 27 milljónir á árinu en eignir sjóðsins í árslok eru 384 milljónir.

Mælendaskrá opnuð um ársreikninga FÍN og Kjaradeilusjóðs FÍN. Enginn tók til máls.

Kosið var um ársreikning FÍN.

Ársreikningur FÍN samþykktur með handauppréttingu. Enginn var á móti.

Kosið var um ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN.

Ársreikningur kjaradeilusjóðs FÍN samþykktur með handauppréttingu. Enginn var á móti.

3. Tillögur um lagabreytingar.

Formaður FÍN gerði grein fyrir þeim lagabreytingatillögum sem stjórn FÍN lagði fyrir aðalfund og hvað lá til grundvallar þeim. Lagt er til að stjórn félagsins fái heimild til að veita undanþágur frá skilyrðum um bakkalárprófi þegar einstaklingur hefur náð sér í formlega prófgráðu, þ.m.t. diplóma á háskólastigi.

Tillögur um breytingar á lagaákvæðum 3. og 4. gr. laga félagsins i félagsins eru auðkenndar með appelsínugulum lit hér fyrir neðan.

3. gr. Aðildarskilyrði

A. Full aðild

Þeir sem hafa lokið a.m.k. **bakkalár**prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir geta fengið fulla aðild að félaginu. Stjórn er heimilt að hafna aðild að félaginu telji hún að félagið geti ekki samið um viðkomandi starf í kjarasamningi. Full aðild felst í því að viðkomandi hafi hlotið aðild að félaginu, ásamt því að hafa greitt félagsgjald til félagsins sl. 6 mánuði.

B. Nemaaðild

Nemaaðild er tímabundin aðild að félaginu. Nemaaðild varir að hámarki í 5 ár. Nemaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

C. Undanþáguheimildir

Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um a.m.k. **bakkalár**próf, sbr. A lið, og veita viðkomandi aðila fulla aðild að félaginu krefjist starf viðkomandi prófs á háskólastigi eða ígildi þess.

Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá bakkalárprófi sbr. A lið til þeirra sem hafa náð sér í formlega prófgráðu á háskólastigi geti félagið haft samningsumboð vegna viðkomandi starfs.

Stjórn skal birta á vefsíðu félagsins veittar undanþágur.

Kjörgengi og kosningarréttur eru háð því að félagsmenn hafi fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

4. gr. Umsókn

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg/rafræn og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. ~~Stjórn getur veitt undanþágu frá 3. grein svo framarlega sem umsækjandi er með Bachelor-próf.~~ Félagsmenn skulu senda félaginu upplýsingar um breytingar sem hafa orðið á veittum upplýsingum á umsóknareyðublaði þegar þær breytast.

Mælendaskrá opnuð.

Tveir tóku til máls og lýstu yfir stuðningi við lagabreytingartillöguna.

Umræður urðu um orðalag breytingartillögunnar, en ekki var lögð fram breytingartillaga við lagabreytingartillögu stjórnar þar sem ekki var um efnislegar breytingar að ræða.

Kosningar um lagabreytingartillögur fóru fram rafrænt í gegnum www.bhm.is/kosning.

Tillaga stjórnar var borin upp til rafrænnar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu 24, enginn sagði nei. Lagabreytingartillaga stjórnar telst því samþykkt.

Lög FÍN voru borin upp til samþykktar í heild sinni með rafrænni atkvæðagreiðslu.

Já sögðu 21, 1 sagði nei. Lög félagsins teljast því samþykkt í heild sinni.

4. Ákvörðun um félagsgjöld.

Frá og með 1. apríl 2021 lækkaði félagagjald FÍN úr 0,7% af heildarlaunum niður í 0,65% af heildarlaunum, en ákvörðun þess efnis var tekin á aðalfundi félagsins 25. mars 2021.

Stjórn FÍN gerir tillögu um óbreytt félagsgjöld.

Mælendaskrá var opnuð.

Einn tók til máls og studdi óbreytt félagsgjöld þar sem félagið skilaði rekstrarafgangi þrátt fyrir tap á verðbréfamörkuðum. FÍN er með lág félagsgjöld miðað við flest stéttarfélög.

Tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjöld samþykkt.

5. Stjórnarkjör.

a) Í kjöri til 2ja ára:

Varaformaður FÍN:

Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Fulltrúi trúnaðarmanna: *

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Meðstjórn (8):

Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun

Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg

Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Kristín Hermannsdóttir, Rannís
Margrét Geirsdóttir, Matís
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Una Bjarnadóttir, Alvotech

Sjálfkjörið er í öll ofangreind embætti nema embætti fulltrúa trúnaðarmanna.

*Kosið verður um fulltrúa trúnaðarmanna á starfsdegi trúnaðarmanna FÍN þann 14. apríl nk.

6. Kosning í stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN.

Í kjöri til 2ja ára:

Aðalmenn:

Bergljót Einarsdóttir, Kópavogsbær
Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun

Sjálfkjörið er í ofangreint embætti.

7. Kosning í stjórn Siðanefndar FÍN.

Í kjöri til 2ja ára:

Aðalmenn:

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun
Páll Sigurðsson, Skógræktin

Varamenn:

Jóna Freysdóttir, Landspítali

Sjálfkjörið er í ofangreind embætti.

8. Önnur mál.

Formaður FÍN upplýsti um gang yfirstandandi kjaraviðræðna við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga sem og áfangasamkomulag varðandi jöfnun launa á milli markaða (7. greinin).

Viðræðurnar eru bæði sameiginlegar með aðildarfélögum BHM og á borði félagsins sjálfs.

Viðræður við ríki og Reykjavíkurborgar eru komnar lengra en viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga. Engar viðræður eru við almenna markaðinn, en samningur FÍN við SA er eingöngu réttindasamningur.

Gert er ráð fyrir að ganga frá 12 mánaða samningi á opinbera markaðinum með að meðaltali 7,2% hækkunum og leiðréttingum á launatöflum. Krónutöluhækkunar bjaga launatöflur sem byggðar eru á prósentubílum á milli launaflokka. Gert er ráð fyrir að ganga frá samningum hjá ríki og Reykjavíkurborg á næstu dögum og að kosningum um samninga verði lokið eigi síðar en 14. apríl nk. Líklega er eitthvað lengra í að samningar við sveitarfélögin verði undirritaðir en stefnt er á að ljúka samningum fyrir 15. maí nk. í síðasta lagi.

Mælendaskrá opnuð.

Spurt var hvort hægt væri að setja inn ákvæði um lágmarkslaun í samning félagsins við SA. MHH upplýsti að miðað er við að lágmarkslaun á almenna markaðinum séu ekki lægri en lægstu laun í kjarasamningi FÍN við ríkið. Í samningi FÍN við SA kemur fram að laun taki mið af því sem um er samið á markaði, en hingað til hefur verið mikil andstaða við að taka launalið inn í samning félagsins við SA en sú mótstaða hefur verið að minnka.

Varaformaður FÍN benti á að viðræður BHM við sameiginlega samninganefnd ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna sættu þeirri gagnrýni að þær væru meira á forsendum ríkisins en annarra viðsejenda. Ríkið er vissulega stærsti vinnuveitandinn, en það þyrfti að gefa Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum meira rými við samningaborðið.

Bent var á stöðu masters- og doktorsnema og svokallað launakot, sem leiðir til þess að þeir eru á lægri launum en tilgreind eru launaflokkir 499 í launatöflu. Hvatt var til þess að takmarkanir í launakotinu yrðu teknar út þannig búinn til meiri hvati fyrir masters- og doktorsnema að leggja fyrir sig námið á mannsæmandi launum.

Formaður FÍN upplýsti að samninganefnd FÍN hafi haldið umræðunni um launamál nema á lofti við ríkið og hversu ósanngjarnt það er að nemar fái lægstu launin á starfsævinni á sama tíma og þeir eru að safna verðmætustu lífeyrisréttindunum. Þá væri líka óréttlátt að masters- og doktorsnemar séu lægra launasettir en aðrir sem hafa lokið bakkalárgráðu. Ríkið telur hins vegar ekki tímabært að breyta kerfinu en FÍN mun halda baráttunni áfram.

Fundarstjóri lokaði mælendaskrá og sagði formlegri dagskrá lokið.

Formaður FÍN þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir þeirra framlag. Fráfarandi stjórnarmönnum voru þökkuð þeirra störf.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 19:15.

Skýrsla stjórnar - Starfsárið 2022-2023

Síðasti aðalfundur var þann 28. mars 2022. Aðalfundurinn tókst vel og er fundargerð hans aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Stjórn

Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Formaður:

Marianna H. Helgadóttir, Félag íslenskra náttúrufræðinga

Aðrir stjórnarmenn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís

Benóný Jónsson, Hafrannsóknarstofnun rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sigvaldi Thordarson, Íslenskar orkurannsóknir

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Stefán Már Stefánsson, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech hf.

Unnur Magnúsdóttir, Genis

Kristín Hermannsdóttir, Rannís, kosin til eins árs

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja frá fyrra ári:

Varaformaður:

Porkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn:*

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Aðrir stjórnarmenn:

Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg

Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Margrét Geirsdóttir, Matís

Ríkey Kjartansdóttir, Umhverfisstofnun

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Una Bjarnadóttir, Alvotech

*var kosin á starfsdegi trúnaðarmanna í apríl 2021.

Stjórn ákvað að reglulegir fundartímar stjórnar yrðu fyrsta mánudag í hverjum mánuði milli kl. 11:15 til 12:45. Öllum stjórnarmönnum var kynnt erindisbréf stjórnar. Stjórn hélt 13 stjórnarfundir á starfsárinu og voru stjórnarfundir ýmist í fjarfundi eða staðfundi eða í bland.

Einnig hélt stjórn starfsdag á Hótel Glym í Hvalfirði, þar var farið í gegnum kröfugerðir FÍN við kjarasamningsboðið.



Mynd 1: Frá starfsdegi stjórnar að Glym í Hvalfirði. Frá vinstri: Svava, Stefán, Torfi, Lilja, Stella, Þorkell, Unnur, Una, Anna Berg, Berglind Ósk, Kristín, Guðrún Nína og Benóný. Runólfur situr í sófanum vinstra megin. Á myndina vantar Orra og Maríönnu.

Samantektir úr fundargerðum stjórnarfunda er aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn hélt 12 fundi á starfsárinu og fundaði að jafnaði föstudaginn fyrir stjórnarfund.

Stjórn skipti með sér verkum:

Framkvæmdastjórn:

Marianna H. Helgadóttir, formaður
Þorkell Hreiðarsson, varaformaður
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, ritari
Berglind Ósk Alfreðsdóttir, gjaldkeri
Torfi Geir Hilmarsson, meðstjórnandi

Fulltrúi FÍN í Formannaráð BHM

Aðalmaður: Formaður FÍN
Varamaður: Torfi Geir Hilmarsson

Skipun í Vísindasjóð FÍN

Lilja Grétarsdóttir
Margrét Geirsdóttir
Stefán Már Stefánsson
Svava S. Steinarsdóttir
Guðrún Nína Petersen

Rekstraráætlun FÍN árið 2022

Iðgjöld til félagsins námu um það bil 138,5 m.kr. og þar af greiðir félagið um það bil 31,7 m.kr. til Bandalags háskólamanna og einnig um það bil 6,0 m.kr. í Húsfélag BHM. Gert var ráð fyrir að félagið myndi skila árinu 2022 um að bil 10,0 m.kr. tapi en félagið skilaði um það bil 15,0 m.kr. hagnaði. Eignir félagsins er um það bil 235,5 m.kr. og þar af bókfært verðgildi húsnæðisins um það bil 46,4 m.kr.

Verklagsreglur um greiðslu lögfræðikostnaðar

Breytingar voru gerðar á reglum félagsins um greiðslu lögfræðikostnaðar sem fela það í sér að verði gerð sátt í máli sem ákveðið hefur verið að stefna til dómstóla þá skuli greiða að fullu kostnað sem félagið hefur lagt út fyrir vegna lögfræðiaðstoðar. Í undantekningartilvikum getur stjórn veitt undanþágu frá þeirri reglu.

Þóknunareiningar og annar kostnaður tengdur fundarsetu stjórnar- og nefndarmanna

Greiddar eru þóknunareiningar fyrir fundarsetu í stjórn, framkvæmdastjórn, stjórn kjaradeilusjóðs, stjórn Vísindasjóðs og stjórn Siðanefndar. Einnig er greitt fyrir fundarsetu á aðalfundi BHM og á stefnumótunarþingi BHM.

Vísindasjóður

Stjórn Vísindasjóðs hittist þrisvar sinnum fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Meginviðfangsefni stjórnar er að ákveða úthlutanir, leysa úr vafamálum og hafa yfirumsjón með úthlutunum úr sjóðnum.

Í sjóðinn er greitt 1,5% af heildarlaunum félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögunum og félagsmanna sem samið hafa um iðgjöld í sjóðinn á almenna markaðinum, en 1,6% af heildarlaunum félagsmanna er greitt inn í sjóðinn frá Reykjavíkurborg. Fullur almennur styrkur í desember á sl. ári var 160 þ.kr. en 171. þ.kr. hjá Reykjavíkurborg.

Stjórn Vísindasjóðs lagði til við stjórn að breyta skipulagsskrá sjóðsins um að stjórn myndi skipa formann, varaformann, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda og var orðið við þeirri beiðni og skipulagsskránni breytt.

Einnig er stjórn Vísindasjóðs að skoða hvort breyta eigi úthlutun úr sjóðnum, en öll félög nema FÍN greiða út til félagsmanna það sem félagsmenn greiða inn í sjóðinn.

Kjaradeilusjóður

Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Aðalmenn:

Ólafur Eggertsson, Skógræktin

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun

Bergljót Einarsdóttir, Kópavogsbær

Aðalmenn eru einnig:

Formaður FÍN


Gjaldkeri FÍN

Varmenn:

Varaformaður FÍN

Ritari FÍN

Stjórn Kjaradeilusjóðs fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu. Meginviðfangsefni hans er ávöxtun fjármuna sjóðsins en um sl. áramót var eigið fé sjóðsins um það bil 411,2 m.kr. Sjá nánar breytingu á eigin fé og hagnaði á mynd 2. Ekkert fjármagn var lagt inn í sjóðinn á árinu og **lækkun var á eigin fé** sem nam tæplega 8,2%.



Mynd 2. Eigið fé árin 2020, 2021 og 2022 ásamt hagnaði/tapi sömu ár.

Siðanefnd

Eftirfarandi nefndarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Aðalmenn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís

Emelía Eiríksdóttir, Coripharma

Símon Klupel, Orkuveita Reykjavíkur

Eftirfarandi nefndarmenn sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Landspítali

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundur

Varamaður:

Guðlaug Katrín Hákonardóttir, Háskóli Íslands

Varamaður:

Jóna Freysdóttir, Landspítali

Siðanefnd setti siðareglur náttúrufræðinga árið 2011. Siðanefnd tekur til umfjöllunar þau meintu brot sem kærð eru til hennar. Siðanefnd hittist ekkert á starfsárinu. Ekkert brot var kært til siðanefndar.

Starfsdagur trúnaðarmanna og stjórnar

Starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn í desember sl., en venjulega eru tveir starfsdagar trúnaðarmanna á hverju starfsári. Næsti starfsdagur verður í apríl á þessu ári, en þá þurfa trúnaðarmenn að kjósa úr sínum hópi fulltrúa trúnaðarmanna í stjórn.

Vinnustaðafundir

Fjórir formlegir vinnustaðafundir voru haldnir á árinu. Einnig var félagið með kynningarfundir þar sem kynntar voru kröfugerðir kjarasamninga, fundirnir voru allir rafrænir og teknir upp. Um var að ræða þrjá kynningarfundir fyrir félagsmenn sem starfa hjá ríki, borg og sveit.

Enskumælandi trúnaðarmenn

Stjórn félagsins tók til umræðu hvort félagið gæti heimilað félagsmönnum sem eru ekki íslenskumælandi að vera trúnaðarmenn. Lög, reglugerðir, kjarasamningar, stofnanasamningar, starfsmat og aðrar upplýsingar eru ekki aðgengilegar nema á íslensku. Öll námskeið fyrir trúnaðarmenn eru á íslensku og ekki í boði á ensku. Stjórn ákvað að heimila enskumælandi trúnaðarmenn sem geta lesið sér til gagns á íslensku. Stjórn mun setja fjármuni í þýðingu kjarasamninga yfir á ensku og skoða þá möguleika að halda námskeið fyrir enskumælandi trúnaðarmenn.

FÍNN - Vísindaferðir

Ein vísindaferð var haldin fyrir háskólanema á starfsárinu.

Ráðstefnur

Félagið tók þátt í að halda ráðstefnu með Hinu íslenska náttúrufræðifélagi (HÍN) og sótti um styrk til Starfsþróunarseturs háskólamanna vegna hennar. Ráðstefnan var vel sótt og mjög mikil ánægja var með þessa ráðstefnu en hún var haldinn í Öskju.




Mynd 3: Frá ráðstefnu HÍN og FÍN í Öskju, Háskóla Íslands

Félagið styrkti einnig ráðstefnu Efnafræðifélagsins.


Nýir félagsmenn og fjöldi félagsmanna FÍN á vinnumarkaði

Á starfsárinu frá 29. mars 2022 til 30. mars 2023 sóttu 156 um fulla aðild að félaginu og átta sóttu um nemaaðild. Enginn sagði sig úr félaginu á starfsárinu.

Á mynd 4 er súlurit um umsóknir eftir mánuðum á starfsárinu og á mynd 5 er súlurit um umsóknir eftir almanaksmánuðum.




Mynd 4. Umsóknir um aðild að félaginu á starfsárinu 2022-2023 eftir mánuðum.



Mynd 5: Umsóknir um aðild að félaginu á almanaksárinu 2022 eftir mánuðum.

Fjöldi greiðandi


Á mynd 6 má sjá þróun á fjölda greiðandi félagsmanna frá 2021 til 2023. Alls greiða 2.210 manns iðgjöld til félagsins árið 2023, samanborið við 2.125 á fyrra ári.



Mynd 6: Fjöldi greiðandi félagsmanna á árinu 2021, 2022 og 2023.

Hlutfall greiðandi eftir vinnumörkuðum


Af þessum 2.210 aðilum sem greiða iðgjöld til félagsins eru opinberir starfsmenn 1.021. Hjá ríkinu eru þeir 878 og hjá sveitarfélögum 143, þar af hjá Reykjavíkurborg 73. Alls eru 51 sem taka laun skv. tengisamningum, þ.e. tengja sig við kjarasamninga FÍN og ríkisins. Á almennum markaði eru alls 1.038 sem greiða iðgjöld til félagsins. Alls þiggja 26 atvinnuleysisbætur og 74 eru í fæðingarorlofi. Sjá má fjölda greiðenda og hlutfall á hverjum markaði á mynd 7.




Mynd 7: Fjöldi greiðandi í jan./feb. 2023 á vinnumarkaði og hlutfall á hverjum markaði fyrir sig.

Atvinnulausir félagsmenn, styrkir til atvinnulausra og endurgreiðsla ævigjalds í OBHM

Fjöldi atvinnulausra félagsmanna í janúar 2023 voru 26 samanborið við 28 á sama tíma í fyrra. Því hefur fækkað fjölda félagsmanna FÍN sem eru á atvinnuleysisskrá milli ára. Á mynd 8 má sjá línurit um fjölda atvinnulausra í félaginu 2009, 2013, 2017, 2021, 2022 og það sem af er á árinu 2023 og á mynd 9 er stöplarit um fjölda félagsmanna sem voru atvinnulausir árin 2020-2023.



Mynd 8: Fjöldi atvinnulausra í félaginu eftir mánuðum frá janúar 2019 til janúar 2023.



Mynd 9. Fjöldi atvinnulausra árin 2020 – 2023.

Styrkir

Alls voru afgreiddir fjórir styrkir til atvinnulausra á starfsárinu samanborið við þrjá styrki á fyrra starfsári.

Greiddir voru út tveir styrkir til félagsmanna vegna endurgreiðslu ævigjalds í Orlofssjóð BHM á starfsárinu samanborið við fimm styrki á fyrra starfsári.

Veittur var einn nemendafélagstyrkur upp á 50.000 kr. á starfsárinu, samanborið við þrjá styrki á fyrra starfsári.

Skipun samninganefnda FÍN vegna kjarasamninga

Skipaðir voru sérstaklega fulltrúar úr stjórn í samninganefndir fyrir ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga eftir aðalfund, en aðalsamninganefnd félagsins samkvæmt lögum er stjórn félagsins.

Aðalmenn hjá Reykjavíkurborg eru:

- Marianna H. Helgadóttir, formaður samninganefndar
- Þorkell Heiðarsson, varaformaður
- Svava S. Steinarsdóttir, annar varaformaður
- Lilja Grétarsdóttir
- Björg Helgadóttir
- Bragi Bergsson
- Orri Þrastarson
- Runólfur Vigfússon

Aðrir stjórnarmenn eru varamenn í öllum samninganefndum.

Aðalmenn hjá ríki eru:

- Marianna H. Helgadóttir, formaður samninganefndar
- Runólfur Vigfússon, varaformaður samninganefndar
- Guðrún Nína Petersen, annar varaformaður samninganefndar
- Benóný Jónsson
- Jón Már Halldórsson,
- Kristín Hermannsdóttir
- Ríkey Kjartansdóttir
- Sigvaldi Thordarson
- Orri Þrastarson

Aðrir stjórnarmenn eru varamenn í öllum samninganefndum.

Aðalmenn hjá sveitarfélögum eru:

- Marianna H. Helgadóttir, formaður samninganefndar
- Orri Þrastarson, varaformaður samninganefndar
- Stella Hrönn Jóhannsdóttir, varaformaður
- Stefán Már Stefánsson

Aðrir stjórnarmenn eru varamenn í öllum samninganefndum.

Aðalmenn við Samtök atvinnulífsins eru:

- Marianna H. Helgadóttir, formaður samninganefndar
- Runólfur Vigfússon, varaformaður
- Torfi Geir Hilmarsson, annar varaformaður
- Anna Berg Samúelsdóttir
- Margrét Geirsdóttir,
- Una Bjarnadóttir
- Unnur Magnúsdóttir
- Orri Þrastarson

Aðrir stjórnarmenn eru varamenn í öllum samninganefndum.

Staða kjarasamninga

Á formannaráðsfundi í ágúst sl. lagði formaður FÍN fram tillögu sem var samþykkt af aðildarfélögunum. Hún snéri að því að félögin myndu ræða samstarf um kjarasamninga undir forystu formanns BHM og reyna þannig að hafa áhrif á það sem samið verði um á almennum markaði. Niðurstaðan var að fela formanni BHM og viðræðunefnd BHM að ræða við hvern og einn viðsemjanda.

Í kjölfarið var unnið að áherslum aðildarfélaga BHM og úr varð helstu áherslur sem kynntar voru undir heitinu [jafnréttissamningurinn](#).

Eins og flestir vita þá renna kjarasamningar á opinberum markaði út 31. mars nk. og eins og áður sagði ákváðu aðildarfélög BHM að vera í samfloti í komandi viðræðum sem síðar varð samflot bandalaga, BHM, BSRB og KÍ. Með samfloti bandalaga átti að leitast við að reyna, í krafti stærðarinnar, að ná betri kjarasamningum en einstök félög hefðu getað gert. Þessa dagana er því unnið að gerð rammasamkomulags á vettvangi bandalaga. Þegar það liggur fyrir munu viðræðunefndir BHM eða hvert og eitt aðildarfélag BHM vinna frekar með þá afurð sem kemur af bandalagssamningsborðinu.

Félagið vann síðastliðið haust að kröfugerð fyrir ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélög og kynnti drög að kröfugerðum fyrir félagmönnum á kynningarfundum. Eftir að gengið var frá viðræðuáætlunum við hvern og einn viðsemjanda átti félagið fund með hverjum viðsemjanda.

Á síðasta samningstímabili var unnið að eftirfarandi verkþáttum:

Viðmiðunardagsetning 1.6.2016	
Hversu margir stofnanasamningar eru gerðir eftir viðmiðunardagsetningu	46
Hversu margir stofnanasamningar eru gerðir fyrir viðmiðunardagsetningu	11
Hversu margir stofnanasamningar eru í gangi	4
Hversu margir stofnanasamningar eru í bið	5
Hversu margir stofnanasamningar eru á lokametrunum	1
Hvað eru margir stofnanasamningar með viðauka eftir viðmiðunardagsetningu	3
Hvað eru margar stofnanir án stofnanasamnings við FÍN	7
Samtala stofnanasamninga sem þörf er á að gera samning við	70
Fjöldi stofnana sem þarf að skoða sérstaklega	5
Fjöldi stofnana með sem þarf að fylgjast með	5
Fjöldi stofnana með "enga" félagsmenn í "dag"	8
Samtala stofnanasamninga	75

- Unnið hefur verið að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar á samningstímabilinu sem nær til ríkis, borgar og sveitar.
- Innleiðingu starfa inn í starfsmat hjá Reykjavíkurborg.
- Jöfnun launa milli markaða

Stofnanasamningar

Alls er félagið með 75 stofnanasamninga og á árinu 2022 var gengið frá 6 stofnanasamningum. Alls eru 29 stofnanasamningar þar sem menntunarákvæði gerðardóms hafa ekki verið innleidd. Sjá nánar mynd 10.

Fjöldi stofnanasamninga sem næst að klára á hverju ári er mjög mismunandi. Á mynd 11 er yfirlit um undirritaða stofnanasamninga hvert ár, en mest hefur félagið náð að undirrita 14 samninga á einu ári.


Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins

Samningurinn gildir þar til nýr verður gerður. Fylgiskjöl/eyðublöð við kjarasamning SA hafa þau verið þýdd á ensku og er enn verið að reyna að finna lausn á lokuðu svæði fyrir skjölin sem yrðu aðgengileg fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM. Líklega munu þessi skjöl verða aðgengileg á vefsvæði stéttarfélaga sem er í vinnslu sem hefur vinnuheimið „Mitt stéttarfélag“.

Jöfnun launa milli markaða 7. gr.

Gengið var frá samkomulagi milli heildarsamtakanna, BSRB, BHM og KÍ, annars vegar og viðsemjenda, ríki og sveitarfélög, hins vegar. Samkomulagið snýr að fyrsta áfanga um jöfnun launa milli markaða sem samið var um árið 2016 þegar breytingar voru gerðar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna.

← Mynd 10. Fjöldi stofnanasamninga og staða þeirra.



Mynd 11. Fjöldi undirritaðra stofnanasamninga hvert ár.

Verkfallslistar

Félagið hefur haft upp varnir gagnvart ríki og sveitarfélögum vegna auglýsinga um störf sem eru undanþegin verkföllum. Samkomulag náðist um flest öll störf en ástæða var til að andmæla eftirfarandi störfum sem voru auglýst sem störf undanþegin verkföllum:

Sveitarfélag:

- Skipulagsfulltrúi

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum:

- Þjóðgarðsvörður
- Verkefnastjóri

Veðurstofa Íslands:

- Vakthafandi veðurfræðingur – 24 klst. bakvakt
- Vakthafandi ofanflóðasérfræðingur – 24 klst. Vaktavinna

Stjórn á eftir að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé að fara með þessi starfsheiti fyrir Félagsdóm.

Beiðnir til stjórnar FÍN um greiðslu lögfræðikostnaðar

Nokkrir félagsmenn sendu beiðni til félagsins um aðstoð við að sækja mál fyrir dómstólum.

Stjórn samþykkti allar beiðnir nema eina. Hér fyrir neðan eru umrædd mál sem stjórn fjallaði um.

Samþykkt að fara með mál fyrir dómstóla:

- *Máli lokið:*
 - Röðun samkvæmt stofnanasamningi - Dómur fyrir Félagsdómi FÍN gegn UST, 4. maí 2022 – Fallist á hluta – Leiddi ekki til greiðslu af hálfu vinnuveitanda.
 - Starfslok félagsmanns - Afgreitt með samkomulagi án atbeina dómstóla.
 - Starfslok félagsmanns - Afgreitt með samkomulagi án atbeina dómstóla.
 - Félagið sendi mál sem tapaðist fyrir Félagsdómi fyrir mannréttindadómstól en málið snérist um það að fyrirkomulag við skipan dómara í Félagsdóm sé ekki til þess fallið að tryggja réttláta málsmeðferð og sjálfstæði dómsins, þar sem Hæstiréttur, sem er áfrýjunardómstóll Félagsdóms, skipar dómara í dóminn. – Málinu var vísað frá.
- *Mál í vinnslu:*
 - Innheimtumál vegna tímabanka – Tvö mál - greiðsluáskoranir hafa verið sendar.
 - Skaðabætur vegna staðfests eineltis á vinnustað – Mikilvægt er að láta reyna á það hvort staðfest orsakatengsl séu á milli þeirra einkenna sem félagsmaður glímur við

og þess eineltis sem félagsmaður varð fyrir á vinnustað sínum. Um er að ræða mál sem er einstakt og gæti verið fordæmisgefandi fyrir aðra aðila. Almennt samþykkir stjórn ekki málarekstur vegna eineltis. Samþykkt var tryggja félagsmanni skaðleysi af málsókn gegn því að jákvæð niðurstaða komi um beiðni viðkomandi um gjafsókn. Verði gjafsókn hafnað mun stjórn FÍN taka málið upp að nýju og ákveða hvort málinu verði fram haldið.

- *Eldra mál sem ekki lág fyrir niðurstaða í á síðasta aðalfundi:*
 - Ólögsmæt uppsögn á opinberum markaði. mál fyrir héraðsdómi – mál tapaðist fyrir héraðsdómi í mars 2023 – Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar.

Hafnað að fara með mál fyrir dómstóla

- Röðun samkvæmt stofnanasamningi.

Umsagnir um frumvörp


Formaður og lögfræðingur FÍN sendu umsögn í samráðsgátt stjórnvalda vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um landgræðslu og lögum um skóga og skógrækt, sameining Skógaræktar og Landgræðslu í eins stofnun og tekið var tillit til þeirra ábendinga. Einnig var send umsögn um hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna í starfi hjá ríkinu.

Sameining stofnana/tilfærsla verkefna

Tilfærsla verkefna: Garðyrkjuskólinn sem tilheyrði Landbúnaðarháskóla Íslands var fluttur til Fjölbrautarskóla Suðurlands og félagið átti í samskiptum við LBHI, FSU, ráðuneyti og félagsmenn vegna þessarar tilfærslu á verkefnum milli stofnana.

Breyting á fjárheimildum Raunvísindastofnunar: Félagið fékk upplýsingar um að til stæði að færa fjárheimildir Raunvísindastofnunar af fjárlögum undir HÍ. Fjárhagur Raunvísindastofnunar er tvískiptur, annars vegar sjálfsaflafé (2/3) og hins vegar af fjárlögum (1/3). Enginn hjá Raunvísindastofnun vissi af þessum fyrirætlunum fyrir fram og óvíst er hvaða áhrif þessi breyting kemur til með að hafa á starfsmenn, en málið virðist illa eða ekkert undirbúið. Félagið fylgist með málinu.

Sameining stofnana: Félagið átti fund með ráðuneytisstjóra URN vegna fyrirhugaðrar breytinga hjá undirstofnunum URN, en fyrirhugað er að sameina 10 stofnanir í 3 stofnanir. Frumvarp þess efnis mun væntanlega líta dagsins ljós á komandi haustþingi. Á mynd 5 er tillaga UNR að breyttu skipulagi stofnana URN sem kynnt var á fundi fyrir félaginu þann 7. febrúar 2023. Félagið mun fylgjast náið með þessari sameiningu og vera í reglulegum samskiptum við URN og trúnaðarmenn/félagsmenn sem eru starfandi á þessum stofnunum, en félagið hefur átt einn fund með trúnaðarmönnum FÍN sem starfa á þessum stofnunum.



Mynd 12: Tillaga UNR að sameiningu stofnana.

Sameining stofnana: Félagið hefur einnig óskað eftir fundi með matvælaráðherra vegna sameiningar Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og er áætlaðu fundur þann 29. mars nk. en þess má geta að frumvarp til laga liggur fyrir á Alþingi.

Náttúrufræðingar á Norðurlöndunum og AKAVA

FÍN er aðili að Nordiska landbruksakademikerráðet (NLR) sem er samstarf náttúrufræðinga á Norðurlöndunum. Formaður Loimu í Finnlandi bauð til fundar sl. sumar og næsti fundur verður í



Danmörku. Á þessum fundum deila aðilar sín á milli því sem hæst er á baugi hverju sinni. Miklar mannabreytingar hafa verið í hópnum og mikið um nýja fulltrúa í þessu samstarfi.

← Mynd 13: Hluti þátttataka á fundi NLR.



Formaður FÍN tók þátt í fundi hjá AKAVA í Finnlandi, en á þann fund voru boðaðir fulltrúar frá bandalögum og tók BHM þátt í þeim fundi. Nokkur önnur aðildarfélög BHM tóku einnig þátt í þessum fundi.

← Mynd 14: Nokkrir þátttakendur AKAVA ráðstefnunnar.

Lög félagsins

Á síðasta aðalfundi FÍN var sett inn ákvæði í lög félagsins um rafrænar atkvæðagreiðslur meðal félagsmanna í embætti á aðalfundi félagsins og ákveðið var einnig að rýmka aðild að félaginu, svo fremi að stjórn FÍN telji sig hafa samningsrétt fyrir viðkomandi starf. Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins bárust frá félagsmönnum fyrir 1. febrúar 2023.

Aðalfundur Bandalags háskólamanna (BHM)

Aðalfundur BHM var haldinn 31. maí 2022 og eru aðalfundargögnin aðgengileg [hér](#).

Formannaráðsfundir BHM

Haldnir voru 14 formannaráðsfundir frá apríl 2022 til loka mars 2023, þar af 3 fundir formannaráðs án stjórnar. Eftirfarandi atriði voru m.a. rædd á vegum formannaráðs:

- Launakjör formanns, umræðu frestað fram yfir kjarasamninga.
- Starfs- og fjárhagsáætlun 2023 sem kynnt verður á aðalfundi BHM var afgreidd af formannaráði BHM. Fjárhagsáætlun fyrir 2023 gerir ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu sem nemi 9,9 m.kr.
- Kynning var á vinnustaðáúttekt Attentus.
- EKKO-stefna BHM: Formannaráð skipaði starfshóp til að ræða uppfærslu á EKKÓ stefnu BHM og aðildarféлага. Varaformaður greindi frá því að framkvæmdastjórn hafi samþykkt tillögu starfshóps um nýja EKKO-stefnu fyrir BHM og gildissvið stefnunnar nái einungis til starfsfólks BHM en ekki aðildarféлага eða félagskjörinna og það kalli á að félögin hugi að eigin EKKO-stefnum. Ekkert sé því til fyrirstöðu að EKKO-stefna BHM nýtist sem fyrirmynd. Bent er á að starfshópur um gerð siðareglna og samskiptasáttmála er að störfum, drög að siðareglum eru opin til umsagnar, og sú vinna hefur augljós tengsl við EKKO-stefnu BHM.
- Lokagreinargerð starfshóps um umbætur var kynnt, en umbótahópurinn nálgadist niðurstöðurnar út frá stjórnarháttum, stefnumörkun, skipulagi og samskiptum.

- Kynnt í formannaráði að framkvæmdastjórn BHM hafi veitt Rithöfundasambandi Íslands bráðabirgðaaðild samkvæmt lögum bandalagsins og að umsókn félagsins verði tekin formlega fyrir á aðalfundi bandalagsins í vor.
- Ástand og horfur á vinnumarkaði voru ítrekað ræddar og einnig var reglulega miðlað upplýsingum um vinnuna við 7. gr. lífeyrissjóðssamkomulagsins.
- Kynning var á Menntaskýrslu BHM og áherslum aðildarféлага BHM í komandi kjaraviðræðum, undir yfirskriftinni „Jafnréttissamingurinn“.

Rafræn fræðsla BHM lokuðu svæði

Fjölbreytt fræðsla er félagsmönnum aðildarféлага BHM aðgengileg.

Þess má geta að BHM hefur samið við fræðslufyrirtækið Akademias um aðgang að rafrænum [fyrirtækjaskóla](#) þess fyrir félagsmenn aðildarféлага BHM. Akademias er rafrænn vettvangur fyrir menntun og þjálfun sem býður upp á fjölda lengri og styttri námskeiða og námslína.

Tilnefningar FÍN í stjórnir, sjóði og nefndir BHM

Stjórn FÍN mun á fyrsta fundi eftir aðalfund tilnefna fulltrúa í stjórn og nefndir BHM til framboðsnefndar BHM. Þorkell Heiðarsson situr í framkvæmdastjórn BHM, Svava S. Steinarsdóttir situr í Framboðsnefnd BHM, Berglind Ósk Alfreðsdóttir er varamaður í Kjaranefnd og Runólfur Vigfússon situr í Kjörstjórn. Þess má einni geta að fulltrúi framkvæmdastjórnar BHM, Þorkell Heiðarsson, situr í Jafnréttisnefnd BHM.

Stjórn hefur tilnefnt fulltrúa í sjóði BHM og var ákveðið á síðasta stjórnarfundum að tilnefna Runólf Vigfússon í stjórn Styrktarsjóðs BHM. Þess má geta að þar sem kjörtímabil eru tvö ár þá situr Bragi Bergsson í stjórn Orlofssjóðs BHM frá fyrra ári og Orri Þrastarson er varamaður í stjórn Sjúkrasjóðs frá fyrra ári.

Húsnæðismál

Gert er ráð fyrir að BHM og aðildarfélög selji eða leigi Borgartún 6 og fari í annað húsnæði á þessu ári.

Starfsmenn á skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði þrír starfsmenn í fullu starfi. Nú starfa hjá félaginu Maríanna H. Helgadóttir, formaður félagsins og framkvæmdastjóri, Runólfur Vigfússon, lögfræðingur og Orri Þrastarson, verkefnastjóri.

Opnunartími skrifstofu

Opnunartími skrifstofunnar er milli kl. 11:00 – 12:00 þriðjudaga og fimmtudaga og frá kl. 13:00 – 14:00 á mánudögum og miðvikudögum. Lokað er á föstudögum. Símatími er á sama tíma. Öllum tölvupóstum sem berast á netfangið fin@bhm.is á að svara innan tveggja virkra daga. Skipulögð viðtöl við félagsmenn eru þó hvenær sem er innan dagsins. Með þessu móti þá geta félagsmenn gengið að þjónustunni þegar hún er í boði og hægt er að veita hana í stað þess sem að starfsmenn hafa oft ekki verið við eða getað tekið síma vegna annarra starfa, s.s. vegna viðtala við félagsmenn eða fundasetu. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð á skrifstofu FÍN, en þess má geta að við svörum símanum og tókum á móti félagsmönnum ef við erum laus þó að við séum með skilgreinda opnunartíma.

Vefsíða FÍN/lén fin.is

Unnið er að því að yfirfæra netföng frá léninu bhm.is í fin.is. Unnið er að gerð vefsvæðis sem hefur vinnuheitið „Mitt stéttarfélag“, en hugsunin er að þar sé hægt að byggja upp mínar síður viðkomandi aðildarfélags BHM sem yrði hluti af síðum BHM sem heitir „Mínar síður“.

Persónuverndarstefna

BHM og FÍN er með sama persónuverndarfulltrúa og félagið vinnur jafnt og þétt að gerð vinnsluskráa/skráningu verkferla í samráði við hann.

Ársreikningur FÍN og félagsgjöld

Endurskoðendur Ernst og Young (EY) hafa endurskoðað bókhald félagsins og stillt upp ársreikningi og var hann undirritaður rafrænt. Hagnaður er á rekstri félagsins á síðasta ári. Lagt er til á aðalfundi að halda félagsgjöldum óbreyttum eða 0,65% af heildarlaunum.

Framboð á aðalfundi FÍN

Samkvæmt lögum félagsins þurfa félagsmenn að bjóða sig fram fyrir 1. febrúar hvert ár vilji þeir bjóða sig fram til embætta á vegum félagsins. Reynslan hefur verið sú að fleiri sæti þarf að fylla en félagsmenn sækjast eftir, svo stjórn hefur að jafnaði þurft að finna einstaklinga í laus embætti. Þetta er ekki óskastaða en stjórn FÍN reynir að gæta að því að stjórnarmenn komi af öllum vinnumarkaðinum. Sjálfkjörið er í öll embætti í ár.

Þakkir

Ég óska fráfarandi stjórnar- og nefndarmönnum farsældar í framtíðinni og býð samhliða því nýja félagsmenn velkomna í stjórn og nefndir á vegum félagsins. Ég vil einnig þakka starfsfólki fyrir þeirra framlag til félagsins, en starf þeirra er ómetanlegt fyrir okkar félagsmenn.